

**64** hreppsfundar er sé löglega boðaður varið  $\frac{1}{2}$  vöxtunum eða parti af þeim til ein-  
23. júní hverra framfara-fyrirtækja í hreppnum.

6. gr.

Virðist hreppsnefnd Engihlíðarhrepps að 100 árum liðnum, nauðsyn að breyta skipulagsskrá þessari, má gera það ef það verður samþykkt á löglega boðuðum sveitarfundi af  $\frac{3}{4}$  atkvæða. Þó má aldrei gera neinar breytingar er ganga í þá átt að skerða höfuðstól þann sem þá er til.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Á hreppsnefndarfundi að Holtastöðum 7. apríl 1930.

Jónatan J. Líndal, Bjarni Ó. Frímansson, Ari H. Erlendsson,  
Einar Guðmundsson, Þorbjörn Björnsson.

**65**  
24. júní

## REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana á Hólum og Hvanneyri.

### I. Tilgangur skólanna og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændafnum nauðsynlega sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra.

2. gr.

Í hvorum skóla séu tvær deildir: búfræðideild með tveim bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur. Skólaár telst frá 15. okt. til 30. apríl í búfræðideild, en í bændadeild frá 15. okt. til 15. maí. Jólaleyfi skal vera frá 22. des. til 4. jan., að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer og ekki fram 1. des., laugardag næstan fyrir páska og fyrsta sumardag.

### II. Stjórn og fyrirkomulag.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirumsjón skólanna. Það skipar skólustjóra og kennara í samráði við skólustjóra.

## 4. gr.

65

24. júní

Skólastjórar hafa umsjón og stjórn hvors skólans um sig á hendi. Þeir skulu og annast reikningshald skólanna og aðra bókfærslu.

Reikningsár skólanna er almanaksárið. Skulu reikningar sendir fjármálaráðuneytinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Skólastjórar skulu árlega semja skýrslur um skólana og senda atvinnu-  
málaráðuneytinu.

## 5. gr.

Nemendur fá ókeypis á skólunum: kennslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita. Að öðru en þessu kosta nemendur sig sjálfir.

## 6. gr.

Auk hinnar reglulegu kennslu skal hafa stutt kennsluskeið fyrir bændur og bændafni, þegar því verður við komið. Skal kennslan þar aðallega vera fölgin í fyrirlestrum í sambandi við umræðufundi um búnaðarmál.

### III. Inntaka og inntökuskilyrði.

## 7. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku í skólana skal send skólastjórum fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Skólastjórar veita inntöku í skólana og tilkynna umsækjanda veitinguna.

## 8. gr.

Til inntöku í skólana útheimtis:

1. Að umsækjandi sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
2. Að siðferði umsækjanda sé óspillt.
3. Að umsækjandi sé ekki yngri en 17 ára í búfræðideild, en 18 ára í bændadeild.
4. Að umsækjandi hafi unnið a. m. k. eitt ár að almennum bústörfum.
5. Að hann hafi gengið a. m. k. einn vetur á unglingskóla eða alþýðuskóla, nema hann sanni með vottorðum, að hann sé vel læs og vel skrifandi, kunni í reikningi fjórar höfuðgreinar í heilum tölum og brotum, riti íslensku stórlýtalaust og skilji auðvelda dönsku.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveimur valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum eiga að fylgja inntökubeiðninni, svo og yfirlýsing frá fullveðja manni um að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum fjárhags-skuldbindingum umsækjanda við skólastofnunina, þar með talinn sjúkdóms- og jarðarfarakostnaður. Vottorð læknis um heilbrigðisástand umsækjanda skal fylgja inntökubeiðninni.

Frá þessum skilyrðum má þó veita undanþágu, ef ástæða þykir til, að dómi skólastjóra.

65 Auk þessa eru sérstök skilyrði fyrir inntöku í efri bekk búfræðideildar  
24. júní (sbr. 16. gr.).

#### IV. Bókleg kennsla.

##### 9. gr.

Kennsla skal fara fram í fyrirlesturum og yfirheyrslum eftir ákvæðum skólustjóra og kennara. Sama gildir um skrifleg úrlausnarefni, sem lögð eru fyrir nemendur.

##### 10. gr.

Sérstök stofa skal ætluð til verklegra tilrauna í efnafræði, eðlisfræði, grasufræði, líffærafræði, steina- og jarðfræði o. fl., ef ástæður leyfa, þannig að nemendur geti þar undir umsjón kennara gert ýmsar tilraunir, er séu bóklegu kennslunni til skýringa.

Sérstök stofa sé ætluð til þess að geyma í kennsluáhöld og bækur skólanna og sé hún notuð til lestrarstofu fyrir nemendur, ef hægt er, þannig, að þeir geti þar hagnýtt sér bókasafn skólans ákveðinn tíma undir umsjón kennara.

##### 11. gr.

Í skólunum skal kenna þessar námsgreinar: íslenzku, búnaðarsögu, stærðfræði, reikningsfærzlu, dráttlist, eðlisfræði, efnafræði, grasufræði, líffærafræði, steina- og jarðfræði, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, búnaðarhagfræði, arfgengisfræði, landafræði, búnaðarlöggjöf, þjóðfélagsfræði, land- og hallamælingar, söng og leikfimi.

##### 12. gr.

Í búfræðideild skólanna skal kennslunni hagað svo sem hér segir um hverja grein:

1. Íslenzka. Markmið kennslunnar er að nemendur læri að lesa íslenzkt mál áheyrilega og tala það og rita rétt, ljóst og lipurt. Skal í hvívetna reynt að glæða ást nemendanna á íslenzkri tungu og bókmenntum og vekja þá til umhugsunar um gildi þeirra.
2. Búnaðarsaga. Kenna skal ágrip af sögu Íslands og þá einkum búnaðar- og verzlunarsögu, og nemendum skal kennt að færa sér í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag.
3. Stærðfræði:
  - a. Reikningur. Í honum skal kenna: Einingarreikning, hlutfallsreikning, prósentureikning, rentureikning og deilireikning, einnig blöndunarreikning og jöfnur.
  - b. Flatar- og rúmmálsfræði. Skýra skal algengustu flatarmyndir og líkama-laganir og kenna að reikna út flatarmál þeirra og teningsmál. Jafnframt skal kenna rótarútdrátt af stærðum í öðru og þriðja veldi.

4. Reikningsfærsla. Nemendur skulu fá form fyrir búreikningum og læra að nota þau. Skýra skal einfalda viðskiptareikninga sérstaklega vel. Í sambandi við reikningsfærsluna eiga nemendur að fá skýringar á því, hver séu hin helztu opinber gjöld hér á landi og nokkra æfingu í að reikna þau út. 65  
24. júní
5. Dráttlist. Kennslan skal fyrst og fremst miða að því, að örfa eftirtekt nemendanna, svo að þeir geti dregið upp myndir af hlutum, er þeir hafa fyrir sér og sem auðvelt er að gera myndir af. Þeir skulu sérstaklega vandir við notkun teikniáhaldna og fá talsverða æfingu í að draga upp myndir af verkfærum og húsum, einnig að gera uppdrætti af landspildum er þeir hafa mælt.
6. Eðlisfræði. Í henni skal einkum lögð áherzla á hitann og helztu lögmál aflfræðinnar. Kenna skal grundvallaratriði ljós-, raf- og veðurfræði.
7. Efnafraði. Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Aðaláherzla skal lögð á að skýra efnabreytingar þær, er verða í jarðvegi og í jurtum og dýrum.
8. Grasafraði. Í henni skal kennt hið helzta um lögun, útlit, eðli, vöxt og þroskunarskilyrði jurta. Skýra skal einnig skiptingu jurtaríkisins, og skulu nemendur læra að þekkja helztu ættir og jurtir, er miklu skipta íslenskan landbúnað.
9. Líffærafræði. Vaxtarlag og eðli búfjár skal skýrt fyrir nemendum.
10. Steina- og jarðfræði. Aðallega skal leggja áherzlu á jarðmyndun Íslands og helztu steina- og bergtegundir íslenskar og áhrif þeirra á jarðvegsmyndunina.
11. Jarðræktarfræði.
- a. Jarðyrkjufraði. Um eðli og samsetning jarðvegstegunda, um áburð, framræslu, vatnsveitingar, grasrækt og ræktunartilraunir.
  - b. Garðyrkjufraði. Um ræktun þeirra garðjurta og runna, sem reynslan hefir sýnt, að geti þrífist hér á landi.
  - c. Skógræktarfræði. Um gróðursetning, sáningu og meðferð þeirra trjátegunda, sem geta þrífist hér á landi.
  - d. Verkfærafræði. Lýsing á þeim jarðyrkjuverkfærum, sem einkum er hægt að nota hér á landi.
12. Búfjárfræði:
- a. Um helztu búfjartegundir og kyn þeirra, uppeldi og fóðrun, meðferð, kynbætur og vaxtareinkenni vel nothæfra húsdýra.
  - b. Um helztu heilbrigðisskilyrði búfjár og algengustu sjúkdöma í búfé hér á landi og meðferð þeirra.
13. Mjólkurfræði. Um eðli mjólkur, efnasamsetningu og meðferð, mjaltir og fitumælingar; ennfremur stutt ágríp af framleiðslu mjólkurafurða, eftir því sem við verður komið.
14. Búnaðarhagfræði. Skýra skal helztu skilyrði þess, hvernig hægt sé að gera búnaðinn arðvænlegan.

- 65 15. Arfgengisfræði. Skýra skal helztu lögmál arfgengi og kynbætur jurta og  
24. júní dýra.
16. Þjóðfélagsfræði. Skýra skal nemendum frá helztu atriðum þjóðfélagsfræðinnar.
17. Landbúnaðarlöggjöf. Skýra skal nemendum frá helztu lögum og reglugerðum er snerta íslenskan landbúnað.
18. Landafraði. Aðaláherzlan skal lögð á lýsing Íslands. Kenna skal auk hennar ágrip af almennri landafraði, og skýra frá verzlunarviðskiptum Íslands við önnur lönd.
19. Landmælingar. Útskýringar á grundvallaratriðum þeim, er verklegar land- og hallamælingar byggjast á.
20. Söngur sé talsvert iðkaður. Skal einkum syngja ættjarðarljóð.
21. Leikfimi. Nemendur skulu hafa reglubundnar líkamsæfingar, er miði að því að gera líkama þeirra hraustan, styrkan og fíman. Þeir skulu einnig iðka glímur.

Í bændadeild skal lögð aðaláherzla á jarðræktarfræði og búfjárfræði, en kenna skal aðrar námsgreinar eftir því sem við verður komið og eftir ákvæðum skólastjóra og kennara.

### 13. gr.

Til þess að kennslan geti verið í sem beztu sambandi við hinar verklegu framkvæmdir í búnaðinum, er kennurunum skylt að sýna nemendum þær jarðabætur og húsabætur, sem gerðar hafa verið og verið er að gera á skóla- setrunum. Einnig skal nemendum heimilt að koma í peningshús og skoða bú- pening svo oft, sem þörf gerist vegna kennslunnar, undir umsjón kennara.

### 14. gr.

Á hverju námstímabili skulu kennarar fara með nemendum eina eða fleiri ferðir til fyrirmyndarbúa, eftir ákvæðum skólastjóra, þar sem piltum gefst kostur á að kynna sér framkvæmdir í búnaði. Á ferðum þessum skulu kennarar skýra fyrir nemendum hið helzta, er fyrir augun ber. Kostnað er leiðir af þessum ferðalögum má greiða af fé skólans. Geta skal ferðalaganna í skóla- skýrslum.

## V. Verkleg kennsla.

### 15. gr.

A. Búfræðideild. Kenna skal með nýjustu og beztu aðferðum, þeim er bezt henta bændum almennt, öll mikilvægustu störf, er lúta að jarðyrkju og garðrækt, svo sem framræslu, uppsetning girðinga, plægingu, herfingu, jöfnun, völtun, dreifing sáðvöru og áburðar, flóðgarðahleðslu, niðursetning jarðepla, sáning rófnafæs, hreinsun illgresis, uppskeru jarðepla og rófna. Ennfremur

eftir því sem við verður komið: meðferð heyvinnuvéla, steinsteypu, ræktun þeirra garðjurta annara en jarðepla og rófná, sem helzt geta þrífzt hér á landi, ræktun trjáa og blóma, meðferð dráttarvéla o. fl. er að gagni má koma og telja má nauðsynlegt bændum á hverjum tíma. 65  
24. júní

B. Bændadeild. Kenna skal hin sömu störf og í búfræðideild eftir því sem unnt er. Skal kennslan vera þeim mun yfirgripsminni sem verknámstíminn er styttri en í búfræðideild.

Leggja skal áherzlu á, að nemendur fái fullan skilning á störfunum, sem unnin eru. Skulu þau útskýrð svo sem þörf er á jafnhliða framkvæmd þeirra. Í sambandi við gerð skurða og flóðgarða skal nemendum kennt að mæla fyrir þeim. Nemendur skulu og fá tækifæri til þess að sjá og kynna sér framkvæmd tilrauna, læra að þekkja og safna jurtum og steinum o. fl.

Verknemar skulu færa dagbækur um dagleg störf, þar sem m. a. sé ritað hvað unnið er daglega, hvernig hin ýmsu störf eru framkvæmd, stutt veðurfarslýsing o. s. frv.

#### 16. gr.

Á ári hverju geta 2—4 nemendur við hvorn skóla fengið að læra að fara með dráttarvél. Skulu þeir að náminu loknu fá námsvottorð þar sem getur um hæfi þeirra til þess að stjórna dráttarvél og þekkingu þeirra yfirleitt á gerð og samsetningu slíkra véla.

#### 17. gr.

Nemendur, sem taka þátt í verklegu námi, fá kaup fyrir starfa sinn, eftir því sem hér segir:

- a) Fæði, húsnæði og þjónustu, sem greiðist af skólabúunum.
- b) Fyrir hvert fullt dagsverk (10 klst.) greiðir rikissjóður 3 kr. í kaup, ef skólabúið er rekið á kostnað hans.
- c) Þeir nemendur, sem læra að fara með dráttarvélar hafa í kaup 1 kr. á dag auk fæðis, húsnæðis og þjónustu og greiðist kaupið af skólabúunum.

### VI. Próf og vitnisburðir.

#### 18. gr.

Í lok hvers skólaárs skulu nemendur prófaðir í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildum. Þó skal ekki prófað í söng og handavinnu, landafræði, búnaðarlöggjöf og þjóðfélagsfræði. Vorpróf nemenda í fyrri bekk búfræðideildar er inntökuskilyrði fyrir þá í síðari bekk hennar, og skulu þeir fá a. m. k. 3 stig til jafnaðar í hverri grein, til þess að standast prófið. Sama gildir um nýsveina þá, er óska að setjast í síðari bekk búfræðideildar.

Enginn getur fengið burtfararpróf frá skólanum, nema hann hafi lokið 6 vikna verklegu námi í bændadeild eða 9 vikna verklegu námi í búfræðideild

- 65 vor og haust. Skal verklegt próf fara fram að náminu loknu í þeim störfum, 24. júní sem unnt er að prófa í á þeim tíma, en í öðrum greinum gefur verknámskennarinn einkunnir í samráði við skólastjóra.

## 19. gr.

Próf í stærðfræði sé skriflegt. Skulu gefnar einkunnir fyrir hvort um sig, reikning og flatar- og rúmmálsfræði.

Í jarðræktarfræði og búfjárfræði er prófið bæði munnlegt og skriflegt. Skulu sérstakar einkunnir gefnar fyrir hvort um sig í hvorri grein.

Próf í islenzku sé skriflegt og munnlegt. Meðaltalið gildir sem ein einkunn.

Í öðrum námsgreinum er prófið munnlegt eða skriflegt eftir ákvæðum skólastjóra og kennara.

Í verklegu skulu gefnar þessar einkunnir:

1 fyrir plægingu.

1 — dreifingu sáðvöru og áburðar.

1 — garðrækt.

1 — framræslu.

1 — flóðgarðahleðslu.

1 — meðferð hesta.

1 — dugnað.

1 — ástundun og stundvísi.

1 — dagbók.

Geta skal þessar einkunnir: ágætlega, dável, vel, laklega, ill og afarilla, er jafngildi tölunum 6, 5, 4, 3, 2 og 1. Má auka og minnka gildi þeirra með + eða ÷ (ágætlega verður þó ekki aukið, né afarilla minnkað). Aukning þessi og afdráttur táknast í tölu með brotinu  $\frac{1}{3}$ .

Einkunnir reiknast þannig til stiga:

Ágætlega = 8, ágætlega ÷ =  $7\frac{1}{3}$ , dável + =  $6\frac{2}{3}$ , dável = 6, dável ÷ =  $5\frac{1}{3}$ , vel =  $4\frac{2}{3}$ , vel = 4, vel ÷ = 3, laklega + = 2, laklega = 1, laklega ÷ =  $1\frac{1}{3}$ , illa + =  $2\frac{2}{3}$ , illa = ÷ 4, illa ÷ =  $5\frac{2}{3}$ , afarilla + =  $6\frac{2}{3}$ , afarilla = ÷ 8.

Til ágætiseinkunna þarf 7 stig til jafnaðar.

Til 1. einkunnar þarf  $5\frac{2}{3}$  stig til jafnaðar.

Til 2. einkunnar þarf 4 stig til jafnaðar.

Til 3. einkunnar þarf  $2\frac{2}{3}$  stig til jafnaðar.

Tvær aðaleinkunnir skulu gefnar, önnur fyrir bóklegt, hin fyrir verklegt nám. Skulu þær vera a. m. k.  $2\frac{2}{3}$  stig að meðaltali í hvoru fyrir sig, til þess að nemendur standist prófið.

## 20. gr.

Nemendur þeir, sem hafa staðizt prófið skulu fá skírteini, er sýnir einkunnir þeirra í hverri námsgrein og í hinum verklegu greinum (smb. 17. gr.). Ennfremur skulu þeir fá vitnisburð um hegðun í skólanum.

## 21. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar prófdómara. Hann gefur einnig út eyðublöð fyrir prófskírteini.

65  
24. júní

## 22. gr.

Reglugerðir bændaskólanna á Hólum í Hjaltadal og Hvanneyri frá 17. des. 1913 eru úr gildi felldar.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 19. maí 1930, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1932.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*

**Staðfesting konungs, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Gísladóttur Björns hjúkrunarkonu“** útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af **66** 27. júní  
dómsmálaráðherra 27. júní 1932. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Gísladóttur Björns hjúkrunarkonu.

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 20. maí 1931 af Félagi isl. hjúkrunarkvenna til minningar um Guðrúnu Gísladóttur Björns hjúkrunarkonu, sem lézt 30. maí 1930.

Stofnfé sjóðsins er 300 kr.

Sjóðurinn veitir móttöku gjöfum frá félagskonum og öðrum, sem kunna að vilja styrkja sjóðinn.

## 2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands og má aldrei skerða höfuðstólinn.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjúkrunarkonur og hjúkrunarnema í ofangreindu félagi, til þess að leita sér heilsubótar, ef þær veikjast af sjúkdómi, sem hefir tilfinnanlegan kostnað í för með sér.

Sjóðinn skal ávaxta þangað til hann er orðinn 3000 kr. Að því búnu má verja allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum af árlegum vöxtum sjóðsins til styrkveitinga, en hinn